

MINNISBLAÐ

SKJALALYKILL

1552-065-MIN-003-V02

DAGS.

30.06.2020

SENDANDI

Daði Baldur Ottósson
Andri Rafn Yeoman

VERKHEITI

Bílastæði í miðbæ Akureyrar

VERKKAUPI

Akureyrarbær

DREIFING

Pétur Ingi Haraldsson (Sviðsstjóri skipulagssviðs Akureyrarbær)

MÁLEFNI


Greining á bílastæðum í miðbæ Akureyrar samhliða skipulagsbreytingum og fyrirhugaðri uppbyggingu.

Inngangur

Í gildandi deiliskipulagi miðbæjar Akureyrar er gert ráð fyrir að bílastæðalóðirnar við Skipagötu og Hofsbót víki fyrir nýrri uppbyggingu og að bílastæðapörf fyrir uppbygginguna sé leyst innan reita. Enn fremur er gert ráð fyrir í gildandi skipulagi, og þeirri vinnu sem nú er unnið eftir, að heildarframboð bílastæða innan miðbæjarins haldist óbreytt, og jafnvel aukist lítillega. Aftur á móti, í ljósi þess hversu miðlæg bílastæðin við Skipagötu og Hofsbót eru, þá var EFLU falið af sviðsstjóra skipulagssviðs að færa mat á það hvernig uppbyggingin mun koma til með að hafa áhrif á nýtingu bílastæða í miðbæ Akureyrar.


Í þessu minnisblaði er fjallað um framboð bílastæða í dag, hvernig bílastæði eru nýtt í dag og hver áhrifin nýrrar uppbyggingar við Skipagötu og Hofsbót eru á nýtingu og framboð bílastæða.

Framboð bílastæða í dag



MYND 1 Skipting svæða eftir bílastæða svæðum með upplýsingum um fjölda stæða innan hvers reits.

Í dag má finna rúmlega 1.250 bílastæði í göngufæri við miðbæ Akureyrar, þar af eru um 220 bílastæði á bílastæðalóðunum við Skipagötu og Hofsbót. Sé miðað við Ráðhústorg sem miðpunkt miðbæjarins, þá eru öll þessi stæði innan 400-500 m radius, þ.e. í 5 til 7 mín göngu frá Ráðhústorginu. Til frekari samanburðar á fjarlægðum, er sýndur 200 m göngu radius frá horni Skipagötu og Hofsbótar á mynd 2.




MYND 2 Loftmynd af miðbæjarsvæðinu, rauði punkturinn er á horni Skipagötu og Hofsbótar, ytri hringurinn táknar 200 m radius frá punkt sem er sú vegalegnd sem meðalmanneskja gengur á 2-3 mínútum.

Hvernig eru bílastæðin nýtt í dag í miðbæ Akureyrar?

Samanburður milli ára og árstíða

Akureyrarbær hefur safnað gögnum um nýtingu tæplega 600 bílastæða (á svæðum þar sem bifreiðastæðaklukkur gilda) í miðbæ Akureyrar undanfarin ár og er talið nokkuð jafnt og þétt yfir árið. Þegar gögnin eru skoðuð, sjá mynd 3, þá sést að meðalnýting bílastæða er nokkuð stöðug í kringum 50% hvort sem borin eru saman tvö samliggjandi ár eða mismunandi árstíðir. Þetta þýðir að af þessum 600 bílastæðum í miðbænum þá eru að jafnaði að minnsta kosti 200 bílastæði laus á hverjum tíma yfir daginn.




MYND 3 Meðalnýting bílastæða (þar sem bifreiðaklukkur gilda) í miðbæ Akureyrar yfir tíma dags. Samanburður á nýtingu milli ára (til vinstri) og árstíða (til hægri).

Nánari greining á nýtingu bílastæða

Það sem er takmarkandi við ofangreind gögn er að þau ná aðeins til kl. 17.00 á virkum dögum og að auki voru ekki til neinar mælingar um helgar. Þess vegna var ákveðið að afla nýrra gagna um nýtingu bílastæðanna á kvöldin og um helgar. Að auki, var talningarsvæðið útvíkkað til að ná betur utan um heildarframboð bílastæða í miðbæ Akureyrar og voru talin bílastæði innan allra þeirra svæða sem skilgreind eru á mynd 1. Samtals voru því talin um 1.260 bílastæði.

Gögnunum var safnað dagana 18-20. júní 2020 (fim-lau) frá klukkan 9.00 til 20.00 bæði fimmtudag og föstudag, og frá klukkan 11.00-20.00 á laugardag. Gögnum var aflað af starfsmönnum Akureyrarbæjar en notast var við flygildi (dróna) til að mynda bílastæði og svo handtalið út frá myndunum. Gefa gögnin upplýsingar um notkun bílastæða á hverju svæði fyrir sig (í samræmi við mynd 1) á klukkustunda fresti, þ.e. fjölda stæða sem eru upptekin hverju sinni.


Þegar niðurstöður eru skoðaðar þá eru þær í takti við fyrri mælingar - nýting bílastæða er nokkuð stöðug yfir allan daginn og mælist yfirleitt um eða undir 50% að meðaltali. Á mynd 4 má sjá meðalnýtingu bílastæða á svæðinu eftir dögum og tíma dags. Hæsta nýting á tímabilinu er 58%, klukkan 14 á laugardegi. Með öðrum orðum, þá sýna niðurstöður að það eru yfirleitt um 540-900 bílastæði laus á hverjum tíma yfir daginn. Þess má geta að fótboltamót stóð yfir þessa helgi (20-21. júní) sem gæti mögulega skýrt hvers vegna nýtingin mældist hæst á laugardegi.



MYND 4 Meðalnýting bílastæða á svæðinu dagana 18-20. júní 2020.

Mesta eftirspurn eftir bílastæðum við Skipagötu og Hofsbót (svæði H og F)


Þrátt fyrir að mælingar sýna að framboð bílastæða er talsvert yfir allan daginn, þá sýna niðurstöður einnig að eftirspurn er breytileg eftir svæðum. Þannig sýna mælingarnar sem framkvæmdar voru í júní 2020 fram á að langmesta eftirspurnin í dag er eftir stæðunum á bílastæðaplaninu við Skipagötu og Hofsbót (svæði H og F á mynd 1), ásamt stæðum við götukanta við Skipagötu og Hafnarstræti (svæði G). Meðalnýting stæðanna á bílastæðaplaninu (svæði H og F) dagana 18-20. júní er sýnd á mynd 5, en mesta eftirspurnin mælist í kringum hádegisbil virka daga og á kvöldin. Mesta bílastæðanýting mældist á laugardegi eftir hádegi og um kvöldið.



MYND 5 Meðalnýting bílastæða á svæðinu dagana 18-20. júní 2020 á bílastæðaplani við Skipagötu og Hofsbót (svæði H og F).

Hvernig mun framboð bílastæða breytast skv. gildandi skipulagi?

Í gildandi skipulagi er gert ráð fyrir að bílastæðin á bílastæðaplaninu (svæði H og F) við Skipagötu og Hofsbót víki fyrir nýrri uppbyggingu. Þrátt fyrir að bílastæðin við Skipagötu og Hofsbót verði að mestu fjarlægð, þá gerir gildandi deiliskipulag ráð fyrir að heildarframboð bílastæða í miðbænum haldist óbreytt¹ þar sem framboð verður aukið víðsvegar annarsstaðar í miðbænum, þá sérstaklega við Torfunef, Hofið, Smáragötu og Hólabraut. Til að gera þessum breytingum betri skil smá sjá yfirlit yfir breytingarnar á mynd 6.



MYND 6 Yfirlit yfir fjölda bílastæða í dag og fyrirhugaðar breytingar skv. gildandi deiliskipulagi. Blár litur táknar fækkun bílastæða, bleikur litur táknar fjölgun bílastæða, og grænn litur táknar að framboð bílastæða haldist óbreytt.

Hver verða áhrifin á nýtingu bílastæða í miðbænum eftir að uppbyggingu lýkur?

Bílastæðin, 219 talsins, sem í dag eru við Skipagötu og Hofsbót eru líklega mest nýtt af gestum og viðskiptavinum í dag en þó eru nokkur fastleigustæði (langtímastæði) á svæðinu. Góð nýting stæðanna stafar líklega bæði af miðlægri staðsetningu þeirra og sýnileika, en bílastæðaplönin eru stór og sjást vel þegar ekið er eftir Glerárgötu. Þegar þessi bílastæði verða fjarlægð vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar þá hefur það óhjákvæmilega áhrif á bílastæðanýtingu í kring þar sem gert er ráð fyrir að bílastæðin sem fyrirhuguð eru innan uppbyggingarreita verða fyrst og fremst til að anna bílastæðapörf vegna uppbyggingarinnar á Skipagötu og Hofsbót þ.e. fyrir íbúa og starfsfólk sem þar munu búa og starfa.

Forsendur


Til að leggja betra mat á hver áhrifin verða á nýtingu bílastæða á bæjarlandi eftir að uppbyggingu lýkur, var ákveðið að notast við gögnin sem safnað var 18-20. júní og gert ráð fyrir að þeir sem lögðu bílum sínum á svæðum H og F munu í staðinn leggja í stæði sem eru innan 250 m frá þessum svæðum. Erfitt er að sjá nákvæmlega fyrir því hvernig

¹ Í raun er gert ráð fyrir að framboð bílastæða aukist lítillega, sjá nánari samantekt eftir götum innan deiliskipulagi í viðauka. Athuga skal að bílastæði sunnan Kaupvangsstrætis eru ekki innan gildandi deiliskipulags en teljast þó innan göngufæris frá miðbænum.

eftirspurn mun dreifast á nærliggjandi svæði en í þessar greiningu var gert ráð fyrir að eftirspurn sem svæði F og H önnuðu áður færir á eftirfarandi hátt á nærliggjandi svæði:

- 50% á svæði B
- 25% á svæði E
- 20% á svæði K
- 5% á svæði C

Þessa dreifingu má sjá einnig á mynd 7, hér að neðan.




MYND 7 Mat á því hvernig eftirspurn eftir bílastæðum á sem svæði F og H önnuðu færir á á nærliggjandi svæði.

Rétt er að taka fram að í þessari greiningu er ekki gert ráð fyrir að framboð bílastæða haldist óbreytt líkt og gildandi skipulag gerir ráð fyrir, heldur er aðeins tekið mið af núverandi fjölda bílastæða og að dregið er úr framboði bílastæða sem nemur um 220 bílastæðum. Greiningin gerir því ráð fyrir að bílastæðanýtingin verði hærri en ef framboð bílastæða verður haldið óbreytt líkt og núverandi skipulag gerir ráð fyrir. Með ofangreint til hliðsjónar, þá var ákveðið að gera ekki ráð fyrir aukinn eftirspurn eftir bílastæðum vegna áformaðra skipulagsbreytinga á uppbyggingareitunum.

Niðurstöður

Þrátt fyrir að dregið er úr framboði bílastæða sem nemur 200 bílastæðum, þá sýna niðurstöður að alltaf eru a.m.k. 400 bílastæði laus á virkum dögum og um 300 bílastæði laus um helgar (laugardag) m.v. núverandi framboð bílastæða á nálægðum svæðum í miðbæ Akureyrar.

Aftur á móti, miðað við þá sviðsmynd sem dregin er upp um dreifingu eftirspurnar (sbr. mynd 6) þá mun skert framboð hafa þau áhrif að meðalnýting bílastæða yfir daginn á nálægðum reitum (B, C, E og K) fer úr 40% í 65% á föstudögum, og úr 40% í 72% á laugardögum. Samanburð á nýtingu bílastæða á þessum reitum eftir tíma dags fyrir og eftir uppbyggingu má sjá á mynd 8.



MYND 8 Samanburður á nýtingu bílastæða á reitum B, C, E og K eins og er *í dag*, og svo *eftir* að bílastæðalóðirnar við Skipagötu og Hofsbót eru fjarlægðar vegna uppbyggingar miðað við ofangreindar forsendur.

Samantekt og umfjöllun

Greining þessi gefur ákveðna yfirsýn yfir framboð og eftirspurn eftir bílastæðum sem að lokum fer eftir hegðun notenda og bílastæðastýringu á svæðinu í framtíðinni. Í heildina er framboð af bílastæðum í göngufæri við miðbæinn nægilegt til að anna núverandi eftirspurn og áætlaðri eftirspurn eftir bílastæðum í framtíðinni. Sé miðað við nýleg gögn um nýtingu bílastæða, þá sýna niðurstöður að meðalnýting stæða verði um 50% á svæðinu í heild (eftir að bílastæðalóðir við Skipagötu og Hofsbót fara undir uppbyggingu) en meðalnýting mælist um 41% í dag. Hins vegar eru sum svæði betur nýtt en önnur - alla jafna eru það þau svæði sem eru nær kjarna miðbæjarins sem eru betur nýtt og sýndu mælingar að bílastæði við Skipagötu og Hofsbót geta verið fullnýtt á ákveðnum álagstímum. Stórir viðburðir innan bæjarins og í Hofi geta einnig haft umtalsverð áhrif á eftirspurn eftir bílastæðum í miðbænum líkt og þekkist í dag. Er því óumflýjanlegt að við ákveðnar aðstæður verði eftirspurn eftir stæðum á svæðinu mikil. Lykilatriði er og verður stýring bílastæða. Mikilvægir þættir í stýringu bílastæði eru t.d. að leggja gjald á bílastæði og tímatakmarkanir til þess að stýra eftirspurn og stuðla að aukinni dreifingu um miðbæinn. Einnig er mikilvægt að tryggja að merkingar sem vísa á bílastæði séu góðar þannig að íbúar og gestir hafi greiða leið að bílastæðum.

Þó svo að mælingar og greining sýni fram á að nægjanlegt framboð bílastæða virðist vera í miðbænum til að anna eftirspurn í dag og til náinnar framtíðar, þá útilokar það ekki að síðar sé hægt að auka við framboð bílastæða enn frekar en það sem gert er ráð fyrir í gildandi skipulagi, verði talin þörf á því.

Taka ber gögnin með fyrirvara varðandi nákvæma dreifingu og notkun bílastæða frá degi til dags. Gefa þau þó góða mynd af framboði, nýtingu bílastæða og stöðu þeirra í miðbæ Akureyrar í dag og í framtíðinni sé miðað við núverandi skipulag.


Viðauki

Bílastæðabókhalð miðað við gildandi skipulag.


Staðsetning bílastæða	Núv. deiliskipulag 2014		
	Fjöldi opinberra bílastæða Núverandi	Breyting	Fjöldi opinberra bílastæða skv. skipulagi
Gilsbakkavegur/Oddagata	38	9	47
Kaupvangsstræti	25	0	25
Bjarmastígur	18	8	26
Hafnarstræti	17	17	34
Geislagata	40	0	40
Túngata	100	3	103
Strandgata	4	12	16
Hof / Átak	137	45	182
Torfunef	13	31	44
Geislagata við Ráðhús	80	-21	59
Gránufélagsgata	0	17	17
Smáragata	22	26	48
Hólabraut	8	34	42
Brekkugata	52	10	62
Skipagata	26	12	38
Hofsbót (Núv. bílaplan + gata)	191	-160	31
Heildarfjöldi opinberra bílastæða	771	43	814

Nánari greining á nýtingu bílastæða eftir svæðum


Á mynd 1 fyrr í þessu minnisblaði má sjá yfirlit yfir svæðaskiptingu bílastæða sem notuð var til greiningar. Hér er yfirlit yfir nýtingu bílastæða eftir tíma dags frá fimmtudegi til laugardags sbr. mælingu sem framkvæmd var 18-20 júlí. Þau svæði sem mældumst með hæstu nýtinguna má sjá á mynd 9 til mynd 11.



MYND 9 Nýting ákveðinna svæða fimmtudaginn 18. júní.



MYND 10 Nýting ákveðinna svæða föstudaginn 19. júní 2020.



MYND 11 Nýting ákveðinna svæða laugardaginn 20. júní 2020.

Sjá má að í einu tilfalli er fjöldi ökutækja yfir áætluðum fjölda stæða sem þýðir um fulla nýtingu er að ræða. Í heildina er þó nægilegt framboð af stæðum til að þjónusta heildar eftirspurn svæðisins á tímabilinu.